



UMHVERFISSTEFNA ÍSAFJARÐARBÆJAR

Ísafjarðarbær stefnir að því að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Til að ná sem mestum jákvæðum áhrifum í umhverfismálum hefur Ísafjarðarbær mótað sér umhverfisstefnu.

Markmið:

Markmiðið er að minnka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi stofnana Ísafjarðarbæjar. Stofnanirnar munu leitast við að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag með ákvörðunartöku sinni og þjónustu.

Ísafjarðarbær leggur áherslu á:

- Að tryggja stöðugar úrbætur í umhverfisstjórnun og mengunarvörnum með því að innleiða og framfylgja verkefnum eins og:
 - Earth Check
 - Bláfáni
 - Grænfáni
 - Græn skref
- Að setja sér mælanleg markmið í umhverfismálum með að
 - skrá orkunotkun
 - skrá innkaup á vistvænum vörumsvo árangur geti verið samanburðarhæfur og upplýsingum safnað um notkun svo hægt sé að endurskoða með tilliti til sparnaðar.
- Að velja við innkaup á vörum og þjónustu umhverfisvænar, umhverfismerktar og/eða endurunnar vörur, þar sem því verður við komið. Í útboðum og/eða verðkönnunum skal upplýst fyrirfram um kostnaðarvægi þessara þátta.
- Að lágmarka notkun spilliefna og hámarka endurvinnslu og endurnýtingu innan stofnana í tengslum við verkefni eins og „græn skref“.
- Að lágmarka hráefnanotkun og úrgangsmýndun innan stofnana.
- Að hafa frumkvæði að því að upplýsa starfsfólk, almenning, fyrirtæki og stofnanir um endurvinnslu og endurnýtingu.
- Að hafa vel þjálfað starfsfólk og stjórnendur á sviði umhverfismála til að auka árangur og öryggi í allri vinnu að umhverfismálum og koma reglulega og markvisst með fréttir um umhverfismál til starfsfólks og stjórnenda.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 21.9.2017